Aðkeypt sérfræðiaðstoð	87.886	109.898
Rekstur og viðhald tölvukerfis	87.019	113.216
Húsnaðiskostnaður	52.652	51.334
Þjónustugjöld banka	18.697	14.611
Málskotsnefnd	6.997	4.984
Ýmiss kostnaður	4.313	3.886
	284.978	346.856

6. Bókfært verðmæti og afskriftir rekstrarfjármuna

	Skrifstofuáhöld	Húsbúnaður	Tölvubúnaður	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun	20.086	151.988	1.301.102	1.238.065
Keypt á árinu	6.493	30.081	186.872	223.446
Stofnverð 31.12.2021	26.579	182.069	1.487.974	1.696.622
Afskrifað áður	10.627	81.830	964.262	1.056.720
Afskrifað á árinu	3.429	19.719	125.635	148.783
Afskrifað samtals	14.056	101.549	1.089.898	1.205.502
Bókfært verð 31.12.2021	12.523	80.520	398.077	491.119

Skýringar

7. Styrkir vegna framfærslu barna

Með nýjum lögum var framfærslu barna breytt á þann veg að veittir eru barnastyrkir í stað barnalána áður þó að gefnu því skilyrði að námsmaður nái lágmarks námsframvinduþrófu. Standist námsmaður ekki námsframvinduþrófu er hann ekki krafinn um endurgreiðslu barnaframfærslunnar heldur er henni breytt í lán. Fyrsta skólaárið eftir gildistöku laganna þ.e. 2020-2021 var sá háttur hafður á við meðhöndlun barnastyrkja að þeir voru færðir strax sem styrkir. Þetta vinnulag þótti ekki nægjanlega gott m.t.t. meðhöndlunar og útreiknings á styrkjunum þannig að nú er sá háttur hafður á að barnaframfærslan er færð sem lán inn á skuldabréf námsmanns með skýringu um að standist hann námsframvinduþrófu verði barnaframfærslunni breytt í barnastyrk við lokun skuldabréfs. Engum skuldabréfum vegna H-lána var lokað á árinu 2021 þannig að 764 m.kr. sem færðar eru sem styrkur í rekstrarreikningi tilheyrja námsmönnum sem áttu rétt á barnaframfærslu skólaárið 2020-2021.

8. Gjaldfallnar ógreiddar afborganir og vextir útlána, önnur skuldabréf

Áfallnir dráttarvextir fyrra árs eru ekki færðir. Ógreiddar afborganir eru alls 7.607,5 millj.kr. (2020: 6.698,7 millj.kr.; 2019: 6.438,4 millj.kr.; 2018: 5.695,9 millj.kr.) þar af eru 3.244,7 millj.kr. á kröfuvakt (2020: 3.079,2 millj.kr.; 2019: 3.642,8 millj. kr., 2018: 3.163,7 millj.kr.) og í löginnheimtu eru 3.949,4 millj.kr. (2020: 2.901,3 millj.kr.; 2019: 2.422,1 millj. kr., 2018: 1.842,6 millj.kr.). Þá eru 103,5 millj.kr. (2020: 20,5 millj.kr.; 2019: 10,5 millj. kr., 2018: 35,6 millj.kr.) í milliinnheimtu og 309,8 millj.kr. (2020: 697,8 millj.kr.; 2019: 362,9 millj. kr., 2018: 654,1 millj.kr.) í greiðsludreifingu.

	2021	2020
Áfallnir vextir útlána	5.936.469	5.912.085
Ógreiddar gjaldfallnar afborganir V-lána	8.138	5.910
Ógreiddar gjaldfallnar afborganir S-lána	561.480	407.843
Ógreiddar gjaldfallnar afborganir R-lána	1.092.646	829.969
Ógreiddar gjaldfallnar afborganir G-lána	5.945.257	5.455.013
Önnur skuldabréf	404.671	443.733
	<u>13.948.661</u>	<u>13.054.554</u>

9. Námslán veitt 1976-1982

Eftirstöðvar námslána sem veitt voru á árunum 1976-1982 á grundvelli laga nr. 57/1976.

Lánskjör: Verðtryggð en vaxtalaus lán. Endurgreiðsla er miðuð við mismunandi hlutfall af tekjum umfram tilteknar viðmiðunartekjur. Endurgreiðslur hefjast 3 árum eftir námslok og standa yfir í 20 endurgreiðsluár hið lengsta.

Lánaflokkur V

	2021	2020
Staða lánaflokksins í ársbyrjun	152.883	154.526
Gjaldfallið á árinu	(4.674)	(4.887)
Afskriftir vegna látinna lánþega	(7.096)	(1.834)
Afskriftir vegna 20 ára reglu	0	(191)
Reiknaðar verðbætur ársins	5.213	5.280
Afborganir af höfuðstóli	0	(10)
	<u>145.014</u>	<u>152.883</u>

Skýringar

10. Námslán veitt 1982-1992

Eftirstöðvar námslána sem veitt voru á árunum 1982-1992 á grundvelli laga nr. 72/1982.

Lánskjör: Verðtryggð en vaxtalaus lán. Endurgreiðsla er miðuð við 3,4% af útsvarsstofni. Endurgreiðslur hefjast 3 árum eftir námslok og standa yfir í 40 endurgreiðsluár hið lengsta.

Lánaflokkur S

	2021	2020
Staða lánaflokksins í ársbyrjun	16.552.571	17.143.828
Gjaldfallið á árinu	(874.138)	(927.591)
Afskrifað vegna látinna lánþega	(61.119)	(8.288)
Afskriftir tapaðra krafna	(100.625)	(37.425)
Reiknaðar verðbætur ársins	673.945	577.332
Afborganir af höfuðstóli	(228.499)	(195.285)
	<u>15.962.136</u>	<u>16.552.571</u>

11. Námslán veitt 1992-2005

Eftirstöðvar námslána sem veitt voru á árunum 1992-2005 á grundvelli laga nr. 21/1992.

Lánskjör: Verðtryggð lán með 0,4% vöxtum. Endurgreiðsla er 4,4% af útsvarsstofni. Endurgreiðslur hefjast 2 árum eftir námslok. Greiðslur af öðrum námslánnum frestast þar til lán samkvæmt þessum lögum eru að fullu greidd.

Lánaflokkur R

	2021	2020
Staða lánaflokksins í ársbyrjun	16.633.618	17.731.675
Gjaldfallið á árinu	(1.462.977)	(1.416.455)
Afskrifað vegna látinna lánþega	(22.758)	(32.742)
Afskriftir tapaðra krafna	(67.409)	(41.408)
Reiknaðar verðbætur ársins	606.791	583.676
Afborganir af höfuðstóli	(249.646)	(191.127)
	<u>15.437.619</u>	<u>16.633.618</u>

12. Námslán veitt frá 2005

Eftirstöðvar námslána sem veitt hafa verið frá árinu 2005 á grundvelli laga nr. 21/1992, sbr. lög nr. 140/2004.

Lánskjör: Verðtryggð lán með 0,4% vöxtum. Endurgreiðsla er 3,4% af tekjum síðast liðins árs (var áður 3,75% en var lækkuð í apríl 2020 samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar og einnig voru vextir lækkaðir úr 1% í 0,4%) af samnlögðum útsvars- og fjármagnstekjuskattsstofni. Endurgreiðslur hefjast 2 árum eftir námslok.

Lánaflokkur G

	2021	2020
Staða lánaflokksins í ársbyrjun	197.011.524	192.714.683
Veitt lán á árinu	888.351	6.895.983
Gjaldfallið á árinu	(8.802.476)	(7.386.901)
Afskrifað vegna látinna lánþega	(99.075)	(67.893)
Afskriftir tapaðra krafna	(578.704)	(20.226)
Reiknaðar verðbætur ársins	10.024.495	6.793.646
Afborganir af höfuðstóli	(2.585.834)	(1.917.768)
	<u>195.858.280</u>	<u>197.011.524</u>

Skýringar

13. Námslán veitt frá 2020

Eftirstöðvar námslána sem veitt hafa verið frá 1. júlí 2020 á grundvelli laga nr. 60/2020, þegar ný lög um Menntasjóð námsmanna komu til framkvæmda.

Lánskjör: Greiðendur geta valið um hvort þeir endurgreiði lánin sem verðtryggð lán eða óverðtryggð. Vextir á lánunum eru breytilegir og skulu bera vaxtaálag sem ákveðið verður í úthlutunarreglum hvers árs, nú 0,8%. Þá er í lögnum sett þak á vextina, 9% á óverðtryggt lán og 4% á verðtryggt lán að meðtöldu vaxtaálagi. Þá skulu vextir vera þeir sömu og vaxtakjör sem MSNM fær hjá Sí að viðbættu álaginu sem ákveðið skal í úthlutunarreglum hvers árs. Að auki þá hafa greiðendur sem eru undir 40 ára aldri (lækkar í 35 ár 5 árum eftir gildistöku laganna) og ef þeir ljúka námi með prófgráðu heimild til að velja um hvort lánin séu endurgreidd sem tekjutengd lán, 3,75% af tekjum síðast liðins árs eða endurgreiða sem jafngreiðslulán til ákveðins árafjölda sem tekur mið af upphæð höfuðstóls láns við námslok og aldri lántaka þegar endurgreiðslur hefjast. Séu greiðendur hins vegar yfir þessum aldursmörkum greiða þeir lánin sem jafngreiðslulán en hafa val um hvort þau séu óverðtryggð eða verðtryggð. H-lánin eru verðtryggð á meðan á námi námsmanns stendur en bera ekki vexti. Endurgreiðslur skulu hefjast 1 ári eftir námslok. Endurgreiðslur H-lána er ekki hafin en fyrstu greiðendur muna hefja endurgreiðslur á árinu 2022.

Lánaflokkur H

	2021	2020
Staða lánaflokksins í ársbyrjun	2.180.345	0
Veitt lán á árinu	8.652.954	2.180.345
Gjaldfallið á árinu	0	0
Afskrifað vegna látinna lánþega	0	0
Afskriftir tapaðra krafna	0	0
Reiknaðar verðbætur ársins	0	0
Afborganir af höfuðstóli	0	0
	<u>10.833.300</u>	<u>2.180.345</u>

14. Markaðskjaralán

Markaðskjaralán voru veitt vegna skólagjalda í sérnámi og grunnskólanámi erlendis þar sem ekki eru veitt námslán vegna skólagjalda á hefðbundnum kjörum.

	2021	2020
Staða í ársbyrjun	2.525	7.259
Gjaldfallið á árinu	0	0
Afskrifað á árinu	0	0
Reiknaðar verðbætur ársins	(118)	(2.575)
Afborganir af höfuðstóli	(683)	(2.160)
	<u>1.724</u>	<u>2.525</u>

Skýringar

15. Afskriftareikningur útlána

Undanfarin ár hefur verið stuðst við reiknilíkan frá Ríkisendurskoðun sem metur hve hár afskriftareikningur þarf að vera á hverjum tíma. Á árinu 2020 voru sett ný lög um námslán þ.e.a.s. lög nr. 60/2020 um Menntasjóð námsmanna og tóku þau gildi 1. júlí 2020. Árið 2021 er því fyrsta heila árið þar sem nýju lögin eru í gildi.

Í nýju lögunum eru lánþegum gefnir ýmsir valkostir um hvernig þeir geti hagað endurgreiðslum námslána sinna. Endurgreiðslur H-lána eru ekki hafnar þannig að engar forsendur eru til staðar um hvaða endurgreiðslufyrirkomulag námsmenn munu velja. Til viðbótar er ekki vitað á þessum tímamarki hversu stór hluti námsmanna sem tekur námslán skv. nýju lögunum muni fá hluta af lánum sínum niðurfelld í lok námsáfangna. Í nýju lögunum eru einnig að finna ýmis ákvæði sem hafa áhrif á eldri námslán sem breyta forsendum eldri lána s.s. niðurfelling ábyrgðarmanna, afslátt vegna auka innborgana inn á námslán, hækkun á uppgreiðsluafslætti, lækun vaxta og árlegra endurgreiðslna. Endurskoða þarf því forsendur í reiknilíkani í ljósi áhrifa nýju laganna. Vandamálið er hins vegar að ýmis áhrif nýju laganna eru ekki komin fram ennþá, þannig að ekki eru til staðar góðar forsendur til þess að byggja á við mat á afskriftareikningi útlána í ár. Það er því veruleg óvissa til staðar til þess að meta afskriftareikning í ár.

Til þess að mæta þessari óvissu er matið í ár tvískipt. Eldri lánaflokkar V, S og R eru metnir með sama hætti og undan farin ár. Afskriftareikningur fyrir G lán er óbreyttur frá fyrra ári. Nýr lánaflokkur H sem nýju lögin hafa mikil áhrif á eru hins vegar metnir með öðrum hætti.

Helstu þættir í útreikningum eldri lánaflokka eru lánakjör hinna ýmsu lánaflokka, forsendur um kaupmáttaraukningu, forsendur um þróun tekna eftir aldri og dánarlíkur. Í forsendum fyrir reiknilíkanið er gert ráð fyrir að hlutfall gjaldþrota hjá greiðendum sé 0,30% 2021 (2020:0,3%, 2019:0,30%) og hlutfall veittra undanþága frá endurgreiðslum sé 4% 2021 (2020:4%, 2019:4%). Afskriftareikningur fyrir H lán er 30% af veittum H-lánum. En 30% svarar til þess að allir lánþegar fengju styrk í lok námstíma. Afskriftareikningur fyrir G-lán er hafður óbreyttur milli ára þar sem ekki var hægt að keyra reiknilíkan fyrir G-lán.

Samkvæmt reiknilíkani er afskriftarframlagið metið alls 6.048,9 millj.kr. til hækkunar. Í afskriftareikningi útlána er einnig tekið tillit til krafna sem eru komnar á kröfuvakt til viðbótar þeim kröfum sem áður hafði verið gert ráð fyrir með framlagi. Það er gert með sértæku framlagi sem er 90% af kröfum á kröfuvakt, alls 2.920 (2020: 2.771,2 millj.kr, 2019: 3.278,6, 2018: 2.847,3) og eru breytingar á framlaginu á milli ára dregnar frá afskriftarframlaginu, sem eru 149 millj. kr. á árinu 2021.

	2021	2020
Afskriftareikningur útlána í ársbyrjun	53.132.600	52.629.579
Endanlega töpuð útlán á árinu	(971.741)	(434.611)
Almennt framlag í afskriftareikning, (tekjufært) gjaldfært á árinu	5.899.923	1.444.948
Sértækt framlag v.kröfuvaktar, gjaldfært á árinu	149.015	(507.317)
Afskriftareikningur útlána í árslok	<u>58.209.797</u>	<u>53.132.600</u>

Í lok árs 2021 má áætla að lán án ábyrgða séu um 249,3 milljarða og lán með ábyrgðum um 3,3 milljarðar. Þá munu nýju lánin (H-lánin) verða endurgreidd með vaxtaálagi sem á að koma til móts við afskriftir hjá sjóðnum vegna nýju lánanna.

Veittar undanþágur jukust um 4,8% á milli árunna 2021 og 2020 og er hlutfall veittra undanþága 3,5% af mynduðum gjalddögum á árinu 2021 (2020: 3,4%, 2019: 2,2%).

Í reiknilíkani þarf að gefa sér forsendur um hverjar afborganir þeirra verði sem ekki hafa hafið endurgreiðslur lána. Meðalafborgun hækkaði um 46 þús.kr. á milli árunna 2021-2020 eftir að hafa lækkað um 24 þús.kr. milli árunna 2019-2020 eftir að hafa verið nokkuð stöðug undanfarin ár. Meðalupphæð afborgana námslána eru 266 þús.kr. á ársgrundvelli.

Skýringar

16. Jöfnunarstyrkir

Jöfnunarstyrkir eru veittir samkvæmt reglugerð nr. 692/2003. Um er að ræða dvalarstyrki til framhaldsskólanema sem ekki geta sótt framhaldsskóla í heimabyggð. Akstursstyrkir eru veittir til framhaldsskólanema sem sækja skóla fjarri lögheimili. Sjóðurinn hefur umsýslu með jöfnunarstyrkjum. Fjárveiting ársins 2021 vegna þessara styrkja voru 545,4 millj. kr. Greitt frá ríkissjóði á árinu 2021 voru 545,4 millj.kr. Þóknun sjóðsins nemur 1,5% af árlegu framlagi úr ríkissjóði og er færð undir liðinn aðrar tekjur.

	2021	2020
Staða viðskiptareiknings í ársbyrjun	(16.356)	(72.518)
Endurgreitt framlag til ríkissjóðs vegna 2020	167.114	0
Móttekið framlag frá ríkissjóði	(545.400)	(439.500)
Veittir styrkir til skólaaksturs	6.564	5.625
Veittir jöfnunarstyrkir	518.329	477.357
Kostnaður vegna hugbúnaðarþróunar og auglýsingar ofl.	2.961	3.838
Endurgreiddir jöfnunarstyrkur	0	0
Þóknun til Lánasjóðsins	8.175	8.842
Staða viðskiptareiknings í árslok	<u>141.386</u>	<u>(16.356)</u>

17. Viðskiptareikningur ríkissjóðs

Í árslok 2021 nam skuld sjóðsins við ríkissjóð rúmlega 21,8 millj. kr. en í ársbyrjun var staðan 18,9 m.kr.

	2021	2020
Staða í ársbyrjun	(18.969)	1.287.553
Ríkisframlag	7.121.800	2.870.247
Greitt úr ríkissjóði	(7.124.682)	(4.176.769)
Staða í árslok	<u>(21.850)</u>	<u>(18.969)</u>

18. Yfirlit um breytingu á eigin fé

Bókfært eigið fé nemur 123.630,7 milljónum kr. í árslok.

	2021
Eigið fé í ársbyrjun	118.997.848
Tekjuafgangur ársins	4.632.818
Eigið fé í árslok	<u>123.630.666</u>

Skýringar

19. Yfirlit um langtímaskuldir og vaxtakjör

Öll langtímalán sjóðsins voru upphaflega frá Endurlánum ríkissjóðs. Lánin eru alls 47 og til 25 ára. Þau eru verðtryggð með föstum vöxtum. Breyting var gerð á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997, með síðari breytingum, sem tók gildi 1. janúar 2017 þar sem breytingar á lögnum lúta m.a. að því að gera lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sjálfbæran. Til að fjármagna kostnað ríkissjóðs vegna þessa var ákveðið að framselja stóran hluta lánasafns ríkissjóðs vegna MSNM til LSR. Fjöldi lána MSNM til innheimtu hjá LSR eru 27 en 20 hjá Endurlánum ríkissjóðs.

Engar breytingar voru gerðar á lánunum að öðru leyti en því að uppsagnarákvæði skuldabréfanna var felld út og greiddast nú afborganir af þessum skuldabréfunum til LSR í stað Endurlána ríkissjóðs.

2021

Ríkissjóður, verðtryggð með vísitölu neysluverðs (vextir 1,95 -5,35%)	30.364.844
LSR, verðtryggð með vísitölu neysluverðs (vextir 2,3-4,3%)	55.902.045
	<u>86.266.890</u>

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 2022	5.734.360
Afborganir 2023	5.734.360
Afborganir 2024	5.734.360
Afborganir 2025	5.734.360
Afborganir 2026	5.734.360
Síðar	57.595.092
Langtímaskuldir, þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>86.266.890</u>

20. Áhættustýring

MSNM stendur frammi fyrir áhættum í starfsemi sinni sem tengjast markmiðum og hlutverki MSNM. Umgjörð samhæfðrar áhættustýringar setur ramma um feril áhættustýringar sem er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra MSNM. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að þróaðar séu aðferðir við að greina, meta, mæla og stýra áhættum í starfseminni ásamt viðeigandi upplýsingagjöf og viðbrögðum.

Innleiðing samhæfðrar áhættustýringar hjá MSNM hófst með áhættustefnu dags. 25. október 2016. Áhættustefnan miðast við rekstraráhættur MSNM sem eru í reglubundinni vöktun yfir árið en aðrar helstu áhættur hafa verið skilgreindar og eru mældar að lágmarki árlega. Það eru eftirfarandi áhættur:

Útlánaáhætta/innheimtuáhætta

Endurgreiðsluáhætta felst í því að lán fáist ekki endurgreidd þar sem endurgreiðslur eru háðar tekjum og undanþágur fyrir greiðslum eru heimilar samkvæmt ákveðnum reglum. Einnig fellur lán niður við andlát lánþega. Með hækkandi námslánum til einstaklinga eykst endurgreiðsluáhætta MSNM. Nánar má sjá áhrif af þessari áhættu í skýringu 15.

Endurgreiðsluáhætta

Endurgreiðsluáhætta felst í því að lán fáist ekki endurgreidd þar sem endurgreiðslur eru háðar tekjum og undanþágur fyrir greiðslum eru heimilar samkvæmt ákveðnum reglum. Einnig fellur lán niður við andlát lánþega. Með hækkandi námslánum til einstaklinga eykst endurgreiðsluáhætta MSNM. Nánar má sjá áhrif af þessari áhættu í skýringu 15.

Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta er markaðsáhætta sem felst í því að MSNM geti ekki endurspeglað eigin fjármögnunarkjör í útlánum sínum til námsmanna. Þannig er MSNM rekið með neikvæðum vaxtamun og þessi neikvæði vaxtamunur lækkar núvirði útlánanna. Nánar má sjá áhrif af þessari áhættu í skýringu 21.

Verðtryggingaráhætta

Verðtryggingaráhætta er rakin til mismunar á verðtryggðum eignum og skuldum. Þar sem stærstur hluti af eignum og skuldum MSNM er verðtryggður er að öllu jöfnu nokkurt jafnvægi milli verðtryggðra eigna og skulda á hverjum tíma. Nánar má sjá áhrif af þessari áhættu í skýringu 21.

Skýringar

21. Aðrar upplýsingar

Núvirði útlána

Útlánaflokkar sjóðsins eru fimm með mismunandi lánaþingum. V-lán og S-lán eru verðtryggð en bera ekki vexti. R-lán og G-lán eru einnig verðtryggð en bera 0,4% vexti. H-lánin sem er nýi lánaþingurinn sem kom með nýjum lögum um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020 eru verðtryggð á meðan á námi stendur líkt og eldri námslánaþingur. Hins vegar geta greiðendur valið hvort þeir endurgreiði lánin sem verðtryggð lán eða sem óverðtryggð lán. Meginreglan er að greiða skal af lánunum sem jafngreiðslulán og ræðst fjöldi endurgreiðsluára af upphæð höfuðstóls og að greiða skulu upp lánin áður en greiðandi verður 65 ára. Ef hins vegar lánþingurinn er undir 40 ára og undir 35 ára eftir 5 ár frá gildistöku laganna þegar námi lýkur og lánþingurinn lýkur prófgráðu getur hann valið um að endurgreiða lánin miðað við tekjur og er endurgreiðsluhlutfallið 3,75% af tekjum ársins á undan. Vextir af lánunum sem standa sjóðnum til boða og tekni hafa verið til fjármögnunar sjóðsins hafa verið hærrí en vextir af námslánum. Nýju H-lánin eiga hins vegar að bera sömu vexti og sjóðurinn getur fjármagnað sig á á hverjum tíma að viðbættu 0,8% álagi. Þá er 30% af höfuðstóls láns felldur niður ef námsmaður lýkur námi á réttum tíma og jafnframt eru veittir barnastyrkir í stað barnalána áður.

Vegna ársins 2021 þá eru ekki til nógu góðar forsendur til þess að reikna út núvirði lánasafnsins og því eru ekki veittar upplýsingar um núvirði útlána 2021 í þessum ársreikningi. Hér að neðan má finna upplýsingar vegna fyrri ára.

Reiknað hefur verið út núvirði útlána sjóðsins í lok árs undanfarinna ára miðað við eftirfarandi % (3,45%:2020: 3,46%: 2019; 2018: 3,47%, 2017: 3,49%, 2016: 3,60%, 2015: 3,69%, 2014: 3,79%) ávöxtunarkröfu en sú ávöxtunarkrafa samsvarar meðalvöxtum langtímalána sem sjóðurinn hefur að lánunum. Niðurstaða útreikninganna er sú að núvirði útlána er miðað við í lok árs (2020: 144.326 millj.kr.; 2019: 151.326 millj.kr.; 2018: 148.995 millj.kr., 2017: 148.196 millj.kr.) en bókfært verðmæti útlána að frá dregnum afskriftareikningi útlána er (2020: 192.455 millj.kr.: 2019: 188.013 millj.kr.; 2018: 185.541 millj.kr., 2017: 183.618 millj.kr.) Mismunurinn, (2020: 48.129 millj.kr.: 2019: 36.686 millj.kr.; 2018: 36.545 millj.kr., 2017: 35.422 millj.kr.) endurspeglar þann viðbótarkostnað sem fylgir því að reka sjóðinn miðað við ofangreindar forsendur út lánstíma núverandi útlána. Kostnaði sjóðsins af því að lána út á lægri vöxtum en sjóðurinn býr við varðandi fjármögnun, er þannig dreift á lánstíma útlánanna.

Vaxtatekjur, vaxtagjöld og verðbætur

Námslán V, S, R og G eru öll verðtryggð en eingöngu R og G lán eru með 0,4% vöxtum þegar námi lýkur. Hins vegar eru H-lánin með mun hærrí vöxtum sem taka mið af lánaþingum sem bjóðast MSNM að viðbættu álagi, 0,8%, sem ákveðið er í úthlutunarreglum hverju sinni. Þá er jafnframt kveðið á um 4% vaxtaþak á verðtryggðu lánunum og 9% á óverðtryggðu lánunum að teknu tilliti til álagsins. V og S eru vaxtalaus lán. Langtímalán sjóðsins eru öll verðtryggð með föstum vöxtum á bilinu 1,95 - 5,35%. Þar sem langtímalán sjóðsins eru með hærrí vexti en flestir lánaþingur útlána sjóðsins er vaxtamunur neikvæður miðað við bókfært verð útlána og langtímalána í lok árs undanfarinna ára. Á árinu 2021 hækkaði vísitala neysluverðs um 4,84% en á árinu 2020 hækkaði vísitala neysluverðs um 3,49%, 2019 um um 2,67%, 2018 um 3,25%, 2017 um 1,73%. Þar sem útlán eru að hærrí fjárhæð en langtímalán sjóðsins hefur breyting verðbóta meiri áhrif á rekstrartekjur en rekstrargjöld. Þar af leiðandi eru reiknaðar nettó verðbætur í lok árs 2021 7.238,4 millj.kr. en í lok árs 2020 4.893,8 millj.kr., í lok árs 2019 3.612,0 millj. kr., í lok árs 2018 4.129,4 millj. kr., í lok árs 2017 2.193,7 millj.kr.

Húsaleigusamningur

MSNM er með húsaleigusamning við Fasteignir ríkissjóðs ásamt öðrum opinberum stofnunum í Borgartúni 21 og eru stofnanarinnar bundnar honum næstu 5,5 árin en eftir það er hægt að segja upp samningi með að minnsta kosti 12 mánaða fyrirvara. Nýr leigusamningur gildir frá 1. febrúar 2020 og til 31. júlí 2037.

Skýringar

22. Lög um Menntasjóð námsmanna

Lög um Menntasjóð námsmanna hafa það að markmiði að útlán sjóðsins skv. nýju lögnum, H-lánin, standi undir sér að undanskildum 30% styrk til námsmanna ljúki þau námslánunum á réttum tíma og greiðslu barnastyrks í stað barnaláns. Vextir sjóðsins eru breytilegir og ákvarðast af því hvað vaxtakjörum ríkissjóði bjóðast á markaði á hverjum tíma að viðbættu föstu vaxtaálagi sem tekur mið af væntum afföllum af endurgreiðslu námslána. Þá geta námsmenn valið um verðtryggð eða óverðtryggð námslán og er vaxtaþak á verðtryggðu lánin að viðbættu vaxtaálagi 4% en 9% fyrir óverðtryggðu lánin. Þau vaxtakjör sem MSNM lána út til námsmanna á hverjum tíma eru ekki líkleg til að verða þau sömu og þau vaxtakjör sem verða þegar að endurgreiðslu þeirra verður.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur lagt áherslu á að gerður sé greinarmunur á milli eldri lánaflókka sjóðsins og nýrra H-lána með það að markmiði að geta séð hvernig nýja námslánakerfið kemur út. Upphæð H-lánanna er sýndur í skýringu 13.

Ný lög um sjóðinn voru samþykkt 9. júní 2020 og komu til framkvæmda 1. júlí 2020. Fyrstu útgreiðslur hófust í ágúst 2020. Þar sem lögð er áhersla á að haldið sé utan um kostnað við H-lánin sérstaklega er sérstaklega reiknaður út kostnaður sjóðsins vegna þeirra lána. Alls voru veitt lán samkvæmt nýjum lögum fyrir 8,7 milljarð króna á árinu 2021. Miðað við meðalvexti, 3,44% á lánnum sjóðsins þá yrði kostnaður H-lánanna af lántökum vegna útlána því 168,9 millj. kr.

Skýringar

Fimm ára yfirlit í millj. kr.

Á verðlagi hvers árs	2021	2020	2019	2018	2017
Rekstur					
Hreinar vaxtatekjur.....	5.057	3.292	3.102	3.428	1.026
Aðrar rekstrartekjur.....	119	101	108	97	78
Önnur rekstrargjöld.....	(1.616)	(911)	(752)	(690)	(682)
Framlag á afskriftareikn. útlána.....	(6.049)	(938)	(114)	(2.897)	(3.504)
Tekjuhalli án ríkisframlags.....	(2.489)	1.543	2.344	(62)	(3.082)
Ríkisframlag.....	7.122	2.870	8.248	7.963	7.966
Tekjuafgangur (halli) ársins.....	4.633	4.414	10.592	7.901	4.883
Efnahagur					
Handbært fé.....	17.297	15.951	17.689	13.383	11.267
Útlán.....	252.187	245.588	240.642	238.875	234.496
Afskriftareikningur útlána.....	(58.210)	(53.133)	(52.630)	(53.334)	(50.879)
Aðrar eignir.....	647	468	1.636	1.675	1.291
Eignir alls.....	211.920	208.874	207.338	200.598	196.175
Langtímaskuldir.....	86.267	87.762	90.532	94.301	97.758
Aðrar skuldir.....	2.023	2.115	2.222	2.305	2.326
Skuldir alls.....	88.290	89.876	92.754	96.606	100.084
Eigið fé.....	123.631	118.998	114.584	103.992	96.092
Skuldir og eigið fé alls.....	211.920	208.874	207.338	200.598	196.175